

Hafnarfirði 20. Desember 2016

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði

Málefni: FYRIRSPURN. Kirkjuvegur 8b, land. Nr. 207-6910, skipulagsbreytingar.

Enok Helgason, rafvirki, keypti lóðina Kirkjuveg 8 b um árið 1923 út úr lóðinni Kirkjuvegi 8. Sveinbjörn Enoksson keypti lóðina af Enok um árið 1947 – 1948 og byggði núverandi hús á lóðinni árin 1949 til 1951, er fjölskyldan flutti í húsið. Nokkur árin þar á eftir var klárað að ganga frá húsinu að innan og einstök rými tekin í notkun, þegar þau voru tilbúin. Upprunalega átti húsið að verða tvöfalt stærra en raun ber vitni og var heimild til að byggja hinn helming hússins yfir að Hellisgötu. Það var aldrei gert, en merki um það sjást á norðaustur gafli hússins (gaflinn vísar út að Hellisgötu), sem er sléttur og gluggalaus með öllu.

Húsið er steinsteypt, og enn með upprunalegu bárujárnsþaki.

Ástand hússins er orðið dapurt, enda ekki fengið nauðsynlegt viðhald undanfarna þrjá áratugi, en Sveinbjörn lést árið 1992. Meðal annars hefur steinsteyptur rennukantur morknað og brotnað niður að hluta.

Eftir lát móður okkar 2014 eignuðumst við systkinin húsið og varð það þinglýst eign okkar í lok desember 2015.

Ljóst er að mikið þarf að gera fyrir húsið til að sómi verði að og verður það gert. Í ljósi þess hve mikið þarf að gera við húsið gefst tækifæri til að lagfæra nokkur atriði.

Fyrir hönd og í umboði eigenda fasteignarinnar, vil ég kanna viðhorf Skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðar til eftirfarandi breytinga á skipulagi lóðar og húsnæðis:

1. Lóðaleigusamningur er frá 1933 og kveður á um að lóðin hafi verið 282 m², en á gildandi mæliblaði er hún 305,7 m².
Það er ósk okkar að við útgáfu nýs lóðaleigusamnings verði stærð lóðarinnar í samræmi við gildandi mæliblað hennar.

2. Til að lagfæra útlit norðausturgafls til samræmis við aðrar hliðar hússins er æskilegt að byggja 3 – 4 metra viðbyggingu við gaflinn og hanna hana til samræmis við húsið. Núverandi gafl verður þá innveggur, þar sem sagað yrði hurðargat til tengingar við viðbygginguna.
3. Þar sem steypiti þakkanturinn er ónýtur þarf að brjóta hann allan niður og gera nýjan kant á húsið, svo halda megi upprunalegu yfirbragði hússins.
Það er okkar skoðun og ósk að falletta verði að lyfta kantinum upp og lofta þannig betur milli þakkants og glugga, sem núna ná nánast alveg upp að þakkanti.
4. Það er einnig ósk okkar að hækka mænishæð hússin um 1 metra, bæði til betri nýtingar háaloftsins en núverandi skorsteinn verði brotinn niður, enda ónýtur og löngu hættur að þjóna sínum tilgangi.
5. Óskað er eftir því að skipta húsinu í fleiri íbúðir, meðal annars með nýtingu þakrýmisisins, eftir efnum og ástæðum. Í þessu sambandi verði leitast við að hafa sér inngang í íbúðirnar, t.d. í kverkinni Hellisgötumegin.

Virðingarfyllst.

Már Sveinbjörnsson

Vesturvangi 20, 220 Hafnarfirði

Sími: 625 7171

Netfang: marh6@outlook.com

Fylgigögn eru 6 ljósmyndir af Kirkjuvegi 8 b.